



## **BA ritgerð**

**Almenn bókmenntafræði og ritlist**

### **Baráttukonan Kirka**

Um birtingarmynd feðraveldis í *Circe* eftir Madeline Miller

Unnur Steina Knarran Karlsdóttir

**Leiðbeinandi Soffía Auður Birgisdóttir**  
**Janúar 2021**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Almenn bókmenntafræði og ritlist**

# **Baráttukonan Kirka**

*Um birtingarmynd feðraveldis í Circe eftir Madeline Miller*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Unnur Steina Knarran Karlsdóttir**

**Kt.: 110298-2859**

**Leiðbeinandi: Soffía Auður Birgisdóttir**

**Janúar 2021**

## Ágrip

*Circe* (2018) er önnur skáldsaga bandaríska rithöfundarins og fræðikonunnar Madeline Miller. Bókin er sögð frá sjónarhorni forngrísku goðsagnapersónunnar Kirku og byggir á forngrískum goðsögum og öðrum skáldverkum þar sem Kirka kemur við sögu, þar á meðal *Ódysseifskviðu* (8. öld e.Kr.) Hómers. Miller vildi með bókinni koma með nýtt sjónarhorn á persónuna Kirku og sögu hennar sem hafði áður litast af karllægum sjónarmiðum skálda fyrri alda. Í þessari ritgerð verður fjallað um skáldsögu Miller og sjónum beint að birtingarmynd feðraveldis og nauðgunarmenningar í skáldsögunni. Skoðað verður hvernig valdaleysi og kúgun kvenna birtist í verkinu með áherslu á áhrif þess á aðalpersónuna Kirku. Að lokum verður greint hvernig Kirka berst gegn nauðgunarmenningu og undirokun feðraveldisins og samhliða því verður fjallað um hvernig Miller ögrar þar með fyrri orðræðu karlhöfunda um persónuna.

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
1 Goðsagnapersónan Kirka.....	5
2 Feðraveldi .....	8
3 Feðraveldi guðanna.....	11
4 Nornin Kirka.....	14
5 Nauðgunarmenning guðanna.....	17
6 Kirka og Ódysseifur .....	21
Niðurlag.....	23
Heimildaskrá.....	25

## Inngangur

Madeline Miller fæddist þann 24. júlí árið 1978 í Boston í Massachusettsfylki í Bandaríkjunum en ólst upp í New York borg og Philadelphiu, þar sem hún býr í dag.<sup>1</sup> Hún gekk í Brown-háskóla þar sem hún útskrifaðist með BA- og MA-gráðu í klassískum fræðum.<sup>2</sup> Miller vann í 15 ár sem kennari í menntaskóla þar sem hún kenndi latínu, grísku og Shakespeare.<sup>3</sup> Árið 2011 gaf hún út sína fyrstu skáldsögu, *The Song of Achilles*, sem er hinsegin endursögn á *Ilíonskviðu* (8. öld f.Kr.) Hómers þar sem sjónum er beint að sambandi Akkilesar og Patróklosar. Bókin hlaut meðal annars verðlaunin *Orange Prize for Fiction* (nú *Women's Prize for Fiction*) árið 2012.<sup>4</sup> Miller hefur einnig gefið út smásögurnar *Heracles' Bow* (2012) og *Galatea* (2013), sem byggja báðar á forngrískum goðsögum, ásamt því að skrifa annað slagið pistla og bókagagnrýni fyrir miðla á borð við *The Guardian*, *Wall Street Journal*, *Washington Post* og *The Telegraph*.<sup>5</sup>

Önnur skáldsaga Miller, *Circe*, kom út árið 2018 og hlaut hún *Alex Awards* verðlaunin ári síðar en þau eru veitt árlega af ALA (American Library Association) og YALSA (Young Adult Library Services Association) fyrir skáldsögur sem eru skrifaðar fyrir fullorðna en höfða sérstaklega til ungmenna á aldrinum 12 til 18 ára.<sup>6</sup> *Circe* er sögð frá sjónarhorni persónunnar Kirku<sup>7</sup> þar sem hún segir ævisögu sína með eigin orðum. Með bókinni vildi Miller koma með nýtt sjónarhorn á forngrísku persónuna sem hafði áður litast af karllægum sjónarmiðum.<sup>8</sup> Miller byggir bókina á forngrískum goðsögnum og öðrum sögum af Kirku, þar á meðal *Ódysseifskviðu*, en skáldsaga hennar einkennist af kvenlægu sjónarhorni og femínisma og hafa margir lesendur einnig tengt frásögnina við #MeToo-byltinguna.<sup>9</sup>

---

<sup>1</sup> „The Author,“ *Madeline Miller*, sótt 13. nóvember 2020, <http://madelinemiller.com/the-author/>.

<sup>2</sup> Sama heimild.

<sup>3</sup> Sama heimild.

<sup>4</sup> Sama heimild.

<sup>5</sup> Sama heimild.

<sup>6</sup> „Alex Awards,“ *American Library Association*, sótt 13. nóvember 2020, <http://www.ala.org/yalsa/alex-awards>.

<sup>7</sup> Bók Miller hefur ekki verið þýdd á íslensku en notast verður við íslenska gerð nafna persónanna í þýðingu Kristjáns Árnasonar á *Ummyndunum* eftir Óvíð.

<sup>8</sup> Elena Nicolaou, „How This Author Is Rewriting *The Odyssey* To Place A Woman Front & Center,“ viðtal við Madeline Miller, *Refinery29* (10. apríl 2018), sótt 13. nóvember 2020, <https://www.refinery29.com/en-us/2018/04/195530/madeline-miller-circe-author-interview-women-mythology>.

<sup>9</sup> Sjá til dæmis Siobhan Murphy, „Circe by Madeline Miller — back as superwoman,“ ritdómur um *Circe*, eftir Madeline Miller, *The Times* (21. apríl 2018), sótt 13. nóvember 2020, <https://www.thetimes.co.uk/article/review-circe-by-madeline-miller-back-as-superwoman-37kctxgss> og

Í *Circe* lýsir Kirka einmanalegum uppvexti sínum í höll föður síns þar sem hún er útskúfuð af hinum dísunum og guðunum og fjallar um hvernig það kom til að hún uppgötvaði galdramátt sinn og var send í útleð á eyðieyjuna Aiaiu fyrir það að vera norn. Þá segir Kirka frá lífi sínu á eyjunni, sambandi sínu við Ódysseif og þeirri þöggun, undirokun og ofbeldi sem hún verður fyrir á lífsleiðinni. Þar greinir hún meðal annars frá kynferðisofbeldi sem hún verður fyrir af höndum ýmissa karlmanna, því valdaleysi sem hún upplifir vegna þess og hvernig hún berst gegn ofbeldinu með því að breyta ofbeldismönnum sínum í svín.

Í þessari ritgerð verður fjallað nánar um skáldsöguna *Circe* eftir Madeline Miller og sérstaklega verður athyglinni beint að birtingarmynd feðraveldis og nauðgunarmenningar í bókinni. Rætt verður almennt um feðraveldið, nauðgunarmenningu, völd og undirokun. Þá verður sjónum beint að valdaleysi og kúgun kvenna í skáldsögunni og sérstök áhersla lögð á áhrif þess á Kirku. Að lokum verður greint hvernig Kirka berst gegn undirokun feðraveldisins og samhliða því hvernig Miller, höfundur bókarinnar, ögrar þar með fyrri orðræðu karlhöfunda um persónuna Kirku.

---

Devina Heriyanto, „Turning the Camera to Female in Classics,“ viðtal við Madeline Miller, *The Jakarta Post* (25. apríl 2018), sótt 13. nóvember 2020, <https://www.thejakartapost.com/life/2018/04/25/interview-madeline-miller-turning-the-camera-to-female-in-classics.html>.

# 1 Goðsagnapersónan Kirka

Forngríska goðsagnapersónana Kirka, sem er dóttir sólarguðsins Helíosar og vatnadísarinnar Persu, hefur verið viðfang ýmissa skálda í gegnum aldirnar, þar á meðal Óvíðs í *Ummyndunum* (8 e.Kr.), James Joyce í *Ódysseifi* (1922) og Hómers í *Ódysseifskviðu*. Í þessum verkum, og flestum öðrum verkum um Kirku, er dregin upp mynd af henni sem illkvittinni norn og tálkvendi sem breytir mönnum í svín af tilefnislausri vonsku. Þekktast er hlutverk Kirku í tíunda og tólfta þætti *Ódysseifskviðu* Hómers. Í tíunda þætti kviðunnar, stoppa Ódysseifur og menn hans á eyjunni Aiaiu og hitta þar nornina Kirku.<sup>10</sup> Kirka breytir mönnum Ódysseifs í svín og reynir að gera slíkt hið sama við Ódysseif en hann hefur betur með hjálp guðsins Hermesar og skipar henni að breyta mönnum sínum aftur í rétt form.<sup>11</sup> Eftir það verða Kirka og Ódysseifur elskendur og dvelja Ódysseifur og menn hans hjá Kirku á eyjunni Aiaiu í eitt ár áður en þeir halda ferð sinni áfram.<sup>12</sup> Á þeim tíma elur Kirka jafnframt Telegonus, son og banamann Ódysseifs.<sup>13</sup>

Í fjórtánda bók í *Ummyndunum* Óvíðs kemur Kirka fyrir í nokkrum sögum. Í sögunni *Skylla og Kirka* neitar Glákus að endurgjalda ást Kirku þar sem hann elskar Skyllu og því notar Kirka töframátt sinn til þess að breyta Skyllu í skrímsli.<sup>14</sup> Í sögunni *Píkus og Kanens* má einnig sjá hvernig Kirka er sett fram sem hefnigjörn og grimm norn þegar konungurinn Píkus hafnar Kirku þar sem hann elskar dísina Kanens.<sup>15</sup> Í hefndarskyni breytir Kirka Píkusi í spætu og mönnum hans í villidýr en eins og greina má á myndmáli textans þá eru galdrar Kirku tengdir myrkum öflum:

En hún skvetti yfir þá skaðvænlegum vökvum og eitursöfum og kallaði sér til hjálpar Nóttina og guði Næturinnar frá Myrkheimi og Ginnungagapi og ákallaði Hekötu í löngum, ámáttlegum ópum.<sup>16</sup>

---

<sup>10</sup> Hómer, „Frá Eólus, Lestrýgónum og Kirku,“ tíundi þáttur í *Ódysseifskviðu*, þýð. Sveinbjörn Egilsson (Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1948), 136-137.

<sup>11</sup> Sama heimild, 138-140, 302-335.

<sup>12</sup> Sama heimild, 345-347, 469.

<sup>13</sup> „Telegonus,“ *Encyclopaedia Britannica Online*, sótt 13. nóvember 2020, <https://www.britannica.com/topic/Telegonus>.

<sup>14</sup> Óvíð, „Fjórtánda bók,“ í *Ummyndunir*, þýð. Kristján Árnason (Reykjavík: Mál og menning, 2009), bls. 381-382.

<sup>15</sup> Sama heimild, bls. 393-394.

<sup>16</sup> Sama heimild, bls. 394.

Þessa illsku má jafnframt sjá í sögunni af *Kirku og félögum Ódysseifs* þar sem því er lýst þegar Ódysseifur og menn hans koma á eyjuna Aiaiu. Þar, líkt og í *Ódysseifskviðu*, byrlar Kirka mönnum Ódysseifs töfraeitur eða eins og segir í sögunni þá laumar hún „af slægvisku sinni sumum af sínum skaðvænu söfum“ í drykk þeirra.<sup>17</sup> Þá er henni lýst sem „grimmri gyðju“ þegar hún breytir mönnum í svín en henni tekst ekki að gera slíkt hið sama við Ódysseif sjálfan sem sigrast á „skjálfandi dísinni“ og fær hana að lokum til þess að breyta mönnum sínum aftur í mennskt form eftir að þau gerast elskendur.<sup>18</sup>

James Joyce byggði meistaraverk sitt *Ódysseif* (1922) á *Ódysseifskviðu* Hómers en þar færði hann söguna í nútímaform. Fimmtánda kafla skáldsögu Joyce ber nafnið *Kirka* og samsvarar hann tíunda þætti *Ódysseifskviðu* þar sem Ódysseifur og menn hans heimsækja Kirku á eyjuna Aiaiu. Í kaflanum, sem er uppsettur eins og leikhandrit, heimsækir herra Bloom, Ódysseifur Joyce, vændishús sem Bella Cohen, eða Kirka, rekur. Bellu Cohen er lýst sem „fyrirferðamikilli mellomömmu“ sem er fremur karlmannleg í útliti og gróf í tali.<sup>19</sup> Bloom fer fljótlega að sjá ofsjónir en í þeim breytist Bella í karlmanninn Bello sem notar blævænginn sinn eins og töfrasprota og breytir Bloom í svín. En líkt og segir hér: „með nístandi flogaveikiveini hnígur hún (Bloom) á fjóra fætur, rymur, snörlar, rótar við fætur honum (Bello)“ þá er Bloom í þessu tilfelli kvenmaður en Bello karlmaður.<sup>20</sup> Bello heldur áfram að níðast á Bloom en „hann“ stígur á „hana“, ríður „henni“ eins og hesti og breytir „henni“ í stúlku að nafni Ruby Cohen sem „hann“ tekur sér til eignar og selur síðan á uppboði.<sup>21</sup> Þó að Kirka í skáldsögu Joyce sé að miklu leyti ólík fyrri birtingarmyndum persónunnar er hún í grunninn sama tálkvendið og grimma nornin sem breytir karlmönnum í svín.

Eins og sjá má í *Ódysseifskviðu*, *Ummyndunum* og *Ódysseifi* er ímynd Kirku sú að hún er ill norn og hættulegt tálkvendi. Bók Miller gefur hins vegar upp aðra mynd. „I wanted to push back against Homer. [...] The male heroic version has been the loudest version, but it's not objective truth,“ sagði Miller í viðtali stuttu eftir að bókin kom út og útskýrir þar með ástæðuna fyrir því hvers vegna hún vildi endurskrifa þessa margra alda

---

<sup>17</sup> Óvíð, „Fjórtaða bók,“ bls. 391.

<sup>18</sup> Sama heimild, bls. 392.

<sup>19</sup> James Joyce, „Kirka,“ í *Ódysseifur: Síðara bindi*, þýð. Sigurður A. Magnússon (Reykjavík: Mál og menning, 1993), bls. 134.

<sup>20</sup> Sama heimild, bls. 137.

<sup>21</sup> Sama heimild, bls. 137-145.



gömlu sögu af Kirku.<sup>22</sup> Í *Circe* segir Kirka sína hlið á sögunni, hvernig hún finnur sig ekki á meðal guðanna, sem útskúfa henni, en er heilluð af dauðlegum mönnum og veröld þeirra. Hún lýsir því hvernig hún uppgötvar galdramátt sinn og er á endanum send í útleið á eyðieyjuna Aiaiu því guðirnir hræðast hana og mátt hennar eftir að hún breytir dísinni Skyllu í sexhöfða skrímsli. Jafnframt segir Kirka frá samskiptum sínum, bæði góðum og slæmum, við dauðlega menn og lýsir sinni hlið á sambandi hennar og Ódysseifs.

---

<sup>22</sup> Nicolaou, „How This Author Is Rewriting *The Odyssey* To Place A Woman Front & Center.“

## 2 Feðraveldi

*Feðraveldi* (e. patriarchy) er, samkvæmt íslenskri orðabók, „fjölskyldu- og félagsform þar sem öll völd eru í höndum karla.“<sup>23</sup> Ekki er talið að algjört feðraveldi hafi nokkurn tímann verið til þó að rómverskt samfélag hafi komist næst því.<sup>24</sup> Innan femínískrar greiningar er almennt talað um feðraveldi sem valdakerfi sem felur í sér kynjamisrétti þar sem karlmenn ráða yfir konum og eru þeir sem njóta góðs af óæðri stöðu kvenna.<sup>25</sup> Í bók sinni *Theorizing Patriarchy* (1990) skilgreinir breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby feðraveldi sem „a system of social structures and practices in which men dominate, oppress and exploit women“ og útskýrir þar hvernig feðraveldi byggir á því að karlmenn undiroki konur.<sup>26</sup> Jafnframt sagði austurríski-ameríski sagnfræðingurinn Gerda Lerner þetta kerfi ná yfir yfirráð karlanna yfir konum og börnum í fjölskyldum auk yfirráðum karla yfir konum í samfélaginu yfirhöfuð.<sup>27</sup> Einkunnarorðin „the personal is political“ eða „hið persónulega er pólitískt“ lýsa því hvernig yfirráð karlanna innan fjölskyldunnar er hluti af valdakerfi feðraveldisins og því er fjölskyldulíf, sem fólk lýsir almennt sem persónulegum einkamálum, í raun pólitískt í eðli sínu.<sup>28</sup>

Feðraveldið heldur konum í óæðri stöðu á ýmsan hátt – með mismunun, virðingarleysi, smánun, arðráni, kúgun og ofbeldi – bæði innan fjölskyldunnar og samfélagsins í heild sinni.<sup>29</sup> Walby tekur undir þetta og segir um ofbeldi karla gegn konum:

Male violence constitutes a further structure, despite its apparently individualistic and diverse form. It is behaviour routinely experienced by women from men, with standard effects upon the actions of most women. Male violence against women is systematically condoned and legitimated by the state's refusal to intervene against it except in exceptional instances, though the practices of rape, wife beating, sexual harassment, etc., are too decentralized in their practice to be part of the state itself.<sup>30</sup>

---

<sup>23</sup> „Feðraveldi,“ *Íslenska alfræðiorðabókin*, sótt á *Snöru* 13. nóvember 2020, <https://snara.is/>.

<sup>24</sup> Sama heimild.

<sup>25</sup> Sylvia Walby, *Theorizing patriarchy* (Oxford: Basil Blackwell, 1990), PDF-skjal, bls. 3.

<sup>26</sup> Sama heimild, bls. 20.

<sup>27</sup> Gerda Lerner, *The Creation of Patriarchy* (Oxford: Oxford University Press, 1986), bls. 239.

<sup>28</sup> Walby, *Theorizing patriarchy*, bls. 3.

<sup>29</sup> Abeda Sultana, “Patriarchy and Women's Subordination: A Theoretical Analysis,” *Arts Faculty Journal*, nr. 4 (2012): bls. 18, sótt 13. nóvember 2020, <https://www.banglajol.info/index.php/AFJ/article/view/12929>.

<sup>30</sup> Walby, *Theorizing patriarchy*, bls. 21.

Líkt og Walby útskýrir er ofbeldi karla gegn konum kerfisbundið og er því viðhaldið af ríkinu, sem er litað af feðraveldinu, þar sem það neitar að grípa inn í nema í einstökum tilfellum. Ofbeldi karla gegn konum er þar af leiðandi hluti af kerfi feðraveldisins en ekki einangruð tilvik orsökðu af sálfræðilegum vandamálum hjá nokkrum karlmönnum, líkt og margir telja.<sup>31</sup> Þar sem ofbeldið viðheldur feðraveldinu, viðheldur feðraveldið einnig ofbeldinu og býr þar með til kerfislægan vítahring sem erfitt er að brjóta.

Annar hlekkur í þessum vítahring feðraveldisins er *þöggun* (e. silencing). Þöggun er, líkt og afbrotafræðingurinn Dr. Jan Jordan segir í grein sinni *Silencing Rape, Silencing Women*, eitt af helstu einkennum kúgunar.<sup>32</sup> Þöggun er notuð til þess að einangra hóp sem er vanmáttugur vegna kyns, kynþáttar, stéttar eða öðru álíka og þar með auðvelda stjórnun og kúgun á undirokaða hópnum.<sup>33</sup> Jafnframt segir Adam Jaworski í bók sinni *The Power of Silence: Social and Pragmatic Perspectives* (1993) að þöggun sé kúgunartæki sem veldur því að undirokaður hópur er ekki fær um að rjúfa þögnina án leyfis valdhafanna.<sup>34</sup> Innan feðraveldisins er löng saga um þöggun á röddum kvenna.<sup>35</sup> Konum hefur verið kennt frá unga aldri að þagga niður í rödd sinni og þessi þöggun er svo almennt viðurkennd að margir taka ekki eftir henni.<sup>36</sup> Marsha Houston og Cheris Kramarae segja í grein sinni *Speaking from Silence: Methods of Silencing and of Resistance* um þöggun kvenna:

The power to silence another is not simply the power to *prevent* her talk; it is also the power to *shape* and *control* her talk, to restrict the things that she may talk about and the ways she is permitted to express them, to permit her to speak, but to suppress her authentic voice.<sup>37</sup>

Houston og Kramarae lýsa því hér hvernig þöggun einkennist ekki einungis af því valdi að geta komið í veg fyrir að konur tali heldur felur það einnig í sér vald yfir því hvernig og um hvað þær mega tjá sig. Þar að auki benda þær á hvernig gert er lítið úr orðræðu

---

<sup>31</sup> Walby, *Theorizing patriarchy*, bls. 3.

<sup>32</sup> Dr. Jan Jordan, „Silencing rape, silencing women,“ í *Handbook on Sexual Violence*, ritstj. Jennifer M. Brown og Sandra L. Walklate (New York: Routledge, 2012), bls. 254.

<sup>33</sup> Marsha Houston og Cheris Kramarae, "Speaking from Silence: Methods of Silencing and of Resistance," *Discourse & Society* 2, nr. 4 (1991): bls. 388, sótt 13. nóvember 2020, <http://www.jstor.org/stable/42888744>.

<sup>34</sup> Adam Jaworski, *The Power of Silence: Social and Pragmatic Perspectives* (Bandaríkin: Sage Publications, 1993), bls. 118.

<sup>35</sup> Dr. Jordan, „Silencing rape, silencing women,“ bls. 254.

<sup>36</sup> Houston og Kramarae, „Speaking from Silence,“ bls. 387.

<sup>37</sup> Sama heimild, bls. 388.

kvenna, þá sérstaklega samtölum þeirra á milli, með því að stimpla hana sem þvaður, mas, slúður, nöldur, væl og annað álíka niðrandi.<sup>38</sup>

Karlmenn nota bæði líkamlegt og andlegt vald til þess að viðhalda þöggun kvenna og eru þær leiðir sem notaðar eru margar hverjar þöglar í sjálfu sér.<sup>39</sup> Til að mynda er algengt að karlmenn grípi fram í fyrir konum en rannsóknir hafa sýnt að það er mun algengara að karlmenn taki orðið frá konum en öðrum karlmönnum og jafnframt grípa þeir almennt mun oftast fram í fyrir öðrum en konur gera.<sup>40</sup> Duldar birtingarmyndir þöggunar sem virðast smávægilegar, líkt og framígrip, safnast upp og gagnast feðraveldinu og gerir karlmönnum kleift að beita konur þöggun á alvarlegri hátt.

Ein alvarlegasta birtingarmynd þöggunar er sú að margar konur tilkynna ekki ofbeldi, þá sérstaklega kynferðis- og heimilsofbeldi.<sup>41</sup> Skömm og ótti við afleiðingar, ásamt því að réttarkerfið bregst fórnalömbum ofbeldis í of mörgum tilfellum, fær konur til þess að ákæra ekki og jafnvel halda því leyndu að þær hafi orðið fyrir ofbeldi.<sup>42</sup> Þess vegna er það áhrifamikið þegar konur rjúfa þögnina og koma fram, þá sérstaklega í stórum hópum sem sýna samstöðu, líkt og hreyfingarnar Druslugangan (e. SlutWalk) og #MeToo sem vekja báðar athygli á og berjast gegn kynferðisofbeldi.<sup>43</sup>

---

<sup>38</sup> Houston og Kramarae, „Speaking from Silence,“ bls. 388-389.

<sup>39</sup> Dr. Jan Jordan, „Part Three: Introduction,“ í *Handbook on Sexual Violence*, ritstj. Jennifer M. Brown og Sandra L. Walklate (New York: Routledge, 2012), bls. 251.

<sup>40</sup> Houston og Kramarae, „Speaking from Silence,“ bls. 119.

<sup>41</sup> Sama heimild, bls 393.

<sup>42</sup> Sama heimild, bls. 393.

<sup>43</sup> „Um okkur,“ Druslugangan, sótt 19. nóvember 2020, <https://www.druslugangan.is/um-okkur> og „Get To Know Us,“ Me too., sótt 19. nóvember 2020, <https://metoomvmt.org/get-to-know-us/history-inception/>.

### 3 Feðraveldi guðanna

Skáldsagan *Circe* er byggð á grískri goðafræði þar sem valdakerfi guðanna byggir á algjöru feðraveldi þar sem karlmenn eru æðri konum. Í upphafi bókarinnar má til að mynda sjá hvernig samfélag guðanna telur drengi fremri stúlkum en þar lýsir Persa, móðir Kirku, óánægju sinni yfir því að hafa fætt stúlkubarn þegar Kirka fæðist.<sup>44</sup> Samfélag guðanna er fullkomið feðraveldi og þar af leiðandi ríkir *karlleggshefð* (e. patrilineality), þar sem fjölskylduarfurinn erfist í karllegg.<sup>45</sup> Synir eru því eftirsóknarverðari en dætur þar sem þeir eru erfingjar föðurins en dætur eru hins vegar gefnar öðrum fjölskyldum sem brúðir. Stúlkur eru því metnar eftir því hversu góðar brúðir þær verða og hversu mikilsvertum einstaklingi þær geta verið gefnar. Þetta má greina í *Circe* þar sem systir Kirku, Pasífea, hefur fegurðina til þess að giftast konungi en Kirka er minna metin en systir sín þar sem hún er ekki nógu falleg til að vera gefin voldugum og háttsettum manni (3, 25).

Í feðraveldi guðanna eru konur því ekki mikilsvirtar sem einstaklingar þar sem þær gegna einungis því hlutverki að ala syni, erfingja feðranna. Þær eru þó ekki tilgangslausar innan heimilisins þar sem þær sjá um börnin og sinna öðru heimilishaldi.<sup>46</sup> Í skáldsögu Miller má sjá þetta skýrt en þar er því lýst hvernig gyðjur og dísir sjá um heimilið á meðan guðirnir funda um örlög heimsins. Það eru því aðeins karlarnir sem fá að taka ákvarðanirnar en konurnar eru neyddar til að sitja valdalausar hjá. Það eru til að mynda guðirnir sem ákvarða refsingu Prómeþeifs fyrir þau svik hans að færa mönnunum eld (13). Kirka finnur til með Prómeþeifi eftir að dómur hans hefur verið kveðinn upp og hann hýddur fyrir allra augum (15). Þess vegna færir hún honum guðaveigar þegar hann biður hana um drykk til þess að svala þorsta sínum (16). Sá verknaður, þó svo að hann sé gerður í laumi, er byltingarkenndur þar sem Kirka fer þar gegn ákvörðun guðanna um að Prómeþeifur sé svikari og ögrar þar með völdum feðraveldisins.

Líkt og Kirka greinir sjálf frá þá er valdaskipting guðanna sú að Ólympusguðirnir eru æðstir, þar fyrir neðan títanir, næst koma aðrir guðir, gyðjur og hálfguðir og neðst sitja dísir og dauðlegir menn (27). Dísir eru þar með valdalaus og undirokaður hópur

---

<sup>44</sup> Madeline Miller, *Circe* (London: Bloomsbury, 2019), bls. 3. Framvegis verður vísað til þessarar útgáfu með blaðsíðutölum innan sviga í meginmáli.

<sup>45</sup> Monica Das Gupta o.fl., „Why is Son Preference so Persistent in East and South Asia? A Cross-Country Study of China, India, and the Republic of Korea,“ *The Journal of Development Studies* 40, nr. 2 (2003): bls. 160, sótt 1. desember 2020, <https://doi.org/10.1080/00220380412331293807>.

<sup>46</sup> Sama heimild, bls. 164.

innan samfélags guðanna og þar sem Kirka er talin vera sérstaklega ófögur dís er hún allra neðst í valdastiganum (27). Hún hefur hvorki gyllt augu föður síns, gullið hár móður sinnar né guðdómlega rödd guðanna (6). Guðirnir minnast margoft á hversu ljót rödd Kirku er og segja hana heldur eiga að þegja en að tala með svo ljótri röddu líkt og má greina í þessu samtali: „It is a shame you (Kirka) cannot hide your voice [...]‘ ‘She could never speak again. That would work“ (7). Kirka er því ekki einungis þöggðu þar sem hún er valdalaus dís heldur er henni bókstaflega sagt að þegja. Það er ekki fyrr en eftir að Kirka er send í útlegð á eyðieyjuna Aiaiu sem hún loksins eignar sér rödd sína með því að syngja: „I sang, which had never been allowed before, since my mother said I had the voice of a drowning gull“ (71)

Þegar guðinn Apollo kemur til Kirku á Aiaiu segist hann hafa heyrt af ófegurð raddar hennar og því sé best að hún segi sem minnst (200). Kirka neitar þó að láta þagga niður í sér og segir engan hafi heimild til þess að stjórna henni á hennar eigin eyju: „I will not be silenced on my own island“ (200). Þar sem ætlast er til þess að konur séu þöglar og þar með samþykkja stöðu sína sem óæðri karlmönnum brýtur Kirka gegn reglum feðraveldisins þegar hún neitar að þegja að skipun Apollo.<sup>47</sup> Jafnframt er hún þá stimpluð „erfið“ þar sem hún gengst ekki við undirokun feðraveldisins (200). Þrátt fyrir mótspyrnu Kirku hefur Apollo þó enn meiri völd í höndum sér og neyðir hana til þess að sjá spádóm sinn um Ódyseif í sýn (200-201). Þegar Kirka spyr hvernig Apollo vogi sér að misnota hana á þennan hátt svarar hann að faðir hennar hafi gefið honum leyfi til þess og bætir við: „You should be honoured [...] You have born a vision of Apollo“ (201). Hann telur það heiður fyrir Kirku að hún hafi fengið að upplifa sýn frá spádómi hins mikla Apollos og gefur þar með í skyn að konur ættu að vera þakklátar þegar karlmenn nýta sér þær. Jafnframt fullyrðir Apollo að hann þurfi ekki leyfi frá Kirku til þess að nota hana eða líkama hennar ef hann hefur leyfi frá föður hennar þar sem dætur eru eign feðra sinna í feðraveldi.

Á þessu samtali Kirku og Apollo má sjá að sama hversu mikið Kirka mótmælir og berst á móti þeirri þöggun og undirokun sem hún mætir þá nær hún aldrei að taka völdin af feðraveldinu:

---

<sup>47</sup> Jaworski, *The Power of Silence*, bls. 119.

Every moment of my peace was a lie, for it came only at the god's pleasure.  
No matter what I did, how long I lived, at a whim they would be able to reach  
down and do with me what they wished. (201)

Þótt það kunnir að líta út fyrir að Kirka ráði yfir sjálfri sér og eyjunni sinni þá hafa faðir hennar og hinir guðirnir í raun enn öll völd yfir henni og líkama hennar og geta því leyft sér að gera það sem þeim sýnist með hana. Einnig hafa guðirnir völd yfir eyjunni Aiaiu og sýna þeir það með því að senda dætur sínar þangað sem refsingu fyrir óhlýðni (156-157). Kirka getur ekkert gert til þess að koma í veg fyrir að stúlkurnar séu sendar til hennar því eins og hún segir geta guðirnir tekið öll völd af henni með einu orði á svipstundu (159). Jafnframt eru það einungis dísir sem eru sendar til Kirku, þar sem sonum er ekki hegnt af foreldrum sínum fyrir óstýrilæti líkt og dætrum og er það enn ein birtingarmynd ójafnréttisins sem ríkir innan feðraveldis guðanna (159).

## 4 Nornin Kirka

Þar sem Kirka er útilokuð af hinum guðunum og gyðjunum þegar hún býr enn meðal þeirra, eyðir hún flestum dögum fyrri hluta ævi sinnar ein á einni af ströndum föður síns (29). Þar kynnist hún dauðlega manningnum Glákusi sem stundar veiðar við sömu ströndina (31). Hann er fyrsti dauðlegi maðurinn sem Kirka kynnist og er hún jafnframt fyrsta gyðjan sem Glákus sér með eigin augum og verða þau ástfangin. Kirka vill ekki missa Glákus og því notar hún jurtina pharmaka, sem Eetes bróðir hennar sagði henni frá í æsku, til þess að breyta Glákusi í guð á meðan hann sefur (41-43). Guðinn Glákus er hins vegar ekki hrifinn af Kirku þar sem hún er ekki eins fögur og hinar dísirnar og tilkynnir hann henni að hann vilji kvænast þeirri fegurstu, Skyllu, sem virðist sömuleiðis hrifin af honum (45-47). Kirka tekur þá upp á því að nota aftur jurtina pharmaka og breytir Skyllu í sexhöfða skrímli í hefndarskyni (48).

Guðirnir telja umbreytingar Glákusar og Skyllu í fyrstu vera verk örlagagyðjanna en Kirka ákveður að stíga fram og játa að það hafi verið hún sem breytti þeim með göldrum (53). Guðirnir taka þó ekki mark á játningu hennar í fyrstu þar sem þeir segja jurtina pharmaka ekki hafa neinn töframátt lengur og telja þeir Kirku sjálfa sömuleiðis ekki búa yfir neinum mætti (53-54). Þegar Kirka mótmælir guðunum, þar á meðal föður sínum Helíosi, og stendur staðföst á því að hún hafi umbreytt Glákusi og Skyllu með göldrum lætur faðir hennar reiði sína dynja yfir hana og brennir hana inn að beinum (45). Hins vegar, þegar Eetes, bróðir Kirku, tilkynnir föður sínum stuttu seinna að hann búi yfir töframætti og því góðar líkur á því að Kirka sé norn, reiðist Helíós honum ekki og trúir syni sínum (57). Þar má því vel sjá hvernig Helíós mismunar Kirku og Eetes með því að hlusta ekki á dóttir sína og refsa henni fyrir það að mótmæla sér en taka hins vegar mark á syni sínum þegar hann kemur fram með sömu upplýsingar.

Fréttir af því að Kirka sé norn dreifast hratt á milli guðanna, gyðjanna og dísanna og finnur Kirka strax hvernig komið er öðruvísi fram við hana eins og hún lýsir hér: „If our arms brushed they paled and when I passed a goblet to a river-god, his eyes dodged away: *Oh no, thank you, I am not thirsty*“ (58). Eetes segir þessa framkomu fylgja því að búa yfir galdramætti en Kirka tekur eftir því hvernig hann virðist ekki verða fyrir sömu fordómum þar sem hann fær að sitja við háseti föður síns með hinum guðunum og drekka vín með þeim (58). Það má því sjá að komið er öðruvísi fram við Kirku en bróður hennar þar sem hún er kona. Jafnframt má greina misrétti gagnvart Kirku í dómi guðanna en þeir



dæma hana í útleið fyrir það að vera norn en systkini hennar fá að ganga frjáls þrátt fyrir að þau hafi einnig sama galdramátt. Systur hennar, Pasífeu, eru ekki settar neinar hömlur þar sem talið er að eiginmaður hennar geti haft stjórn á henni og Eetes er sömuleiðis ekki refsað og fær hann jafnvel að halda konungsríki sínu og þeim völdum sem því fylgir (62-63). Bandaríska kvenréttindabaráttukonan Matilda Joslyn Gage sagði í bók sinni *Woman, Church and State* (1893) að munurinn á fjölkynngi karla og kvenna hafi í raun aðeins verið málfræðilegur: „What was termed magic, among men, was called witchcraft in woman. The one was rarely, the other invariably, punished.“<sup>48</sup> Það má sannreyna þessa fullyrðingu Gage með því að skoða hlutskipti Kirku og Eetesar en þar má greinilega sjá áhrif þessa *tvöfalda siðgæðis* (e. double standard) sem gildir um karla og konur, þar sem Eetes fær engan dóm fyrir það að vera galdramaður en Kirku er refsað þar sem hún er norn.

Breski sagnfræðingurinn Ronald Hutton segir algengustu skilgreininguna á norn vera „someone who causes harm to others by mystical means“ en aðra, nútímalegri skilgreiningu, segir hann vera „a symbol of independent female authority and resistance to male domination.“<sup>49</sup> Margir femínistar hafa sýnt fram á réttmæti seinni skilgreiningarinnar og til að mynda sagði Gage í fyrrnefndri bók sinni: „a vast amount of evidence exists, to show that the word “witch” formerly signified a woman of superior knowledge.“<sup>50</sup> Gage byggir þetta, líkt og aðrir femínistar, á þeirri staðreynd að á tímum nornaveiða í Evrópu, eða frá 14.–18. öld, voru konur í heildina í miklum meirihluta þeirra sem voru ásakaðir og dæmdir fyrir nornagaldur, eða um 80%.<sup>51</sup> Þar sem konur voru yfirgnæfandi meirihluti þeirra grunuðu hafa ýmsir sagnfræðingar og femínistar tengt þessar ofsóknir við almenna eflingu feðraveldisins á sama tímabili og jafnframt haldið því fram, líkt og sagnfræðingurinn Edward Bever gerir, að nornaveiðar þjónuðu þeim tilgangi að skerða völd kvenna og þar með styrkja völd karla.<sup>52</sup>

---

<sup>48</sup> Matilda Joslyn Gage, „Witchcraft,“ í *Woman, Church and State* (New York: The Truth Seeker Company, 1893), bls. 251.

<sup>49</sup> Ronald Hutton, formáli að *The Witch: A History of Fear, from Ancient Times to the Present* eftir Ronald Hutton, (New Haven: Yale University Press, 2017), bls. ix-x.

<sup>50</sup> Gage, „Witchcraft,“ bls. 236.

<sup>51</sup> Edward Bever, „Witchcraft, Female Aggression, and Power in the Early Modern Community,“ *Journal of Social History* 35, nr. 4 (2002): bls. 956, sótt 3. desember 2020, <http://www.jstor.org/stable/3790618>. og „The Witch Hunts,“ *Encyclopaedia Britannica Online*, sótt 7. desember 2020, <https://www.britannica.com/topic/witchcraft/The-witch-hunts>.

<sup>52</sup> Bever, „Witchcraft, Female Aggression, and Power in the Early Modern Community,“ bls. 956, 975.

Gage segir að í raun fáist betri skilningur á samhengi nornaveiðanna með því að lesa orðið „norn“ sem „kona“ og útskýrir samhliða því hvernig kirkjan, sem var helsta ímynd feðraveldisins á þessum tíma, notaði nornaréttarhöld til þess að undiroka konur:<sup>53</sup>

Death by torture was the method of the church for the repression of woman's intellect, knowledge being held as evil and dangerous in her hands. Ignorance was regarded as an especial virtue in woman, and fear held her in this condition. Few women dared be wise, after thousands of their sex had gone to death by drowning or burning because of their knowledge. [...] As knowledge has ever been power, the church feared its use in woman's hands, and levelled its deadliest blows at her.<sup>54</sup>

Líkt og Gage heldur fram hefur þekking ávallt falið í sér vald og þar sem feðraveldið óttaðist vald í höndum kvenna var konum sem bjuggu yfir mikilli þekkingu refsað og fældi það þar að auki aðrar konur frá því að afla sér þekkingar. Þennan ótta feðraveldisins við þekkingu og völd í höndum kvenna má greina hjá guðunum í *Circe* þegar þeir ákveða að senda Kirku í útleið fyrir það að vera norn (63). Móðir Kirku, Persu, er að sama skapi meinað að eignast fleiri börn, þar sem þeir hræðast að hún myndi annars ala af sér fleiri nornir (63). Guðirnir hræðast að það sé máttur í höndum kvenna en eins og Kirka greinir sjálf frá þá refsa guðirnir máttugum konum: „I had desires and defiance and powers more than others thought I deserved, all the things that draw the thunder-stroke“ (169). Þess vegna reyna guðirnir að draga út mætti þeirra, með því að senda Kirku í útleið annars vegar og banna Persu að ala fleiri börn hins vegar.

---

<sup>53</sup> Gage, „Witchcraft“, bls. 291.

<sup>54</sup> Sama heimild, bls. 242-243.

## 5 Nauðgunarmenning guðanna

*Nauðgunarmenning* (e. rape culture) er ein af birtingarmyndum kynjamisréttis en hún er skilgreind sem „menning sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegu ofbeldi gegn konum og samþykkir ofbeldið og ótta kvenna við ofbeldið sem norm“.<sup>55</sup> Má greinilega sjá hvernig samfélag guðanna, og sömuleiðis samfélag dauðlegra manna, í *Circe* er litað af nauðgunarmenningu. Eins og áður kom fram eru dísir neðstar í valdastiga guðanna og taldar lítið annað en brúðarefni. Kirka segir þó að það gefi ekki rétta mynd en hún segir dísir vera álitnar „an endless feast laid upon a table, beautiful and renewing“ (171). Með þessum orðum útskýrir hún hvernig nauðgunarmenning innan samfélags guðanna hefur normalíserað kynferðisofbeldi gegn dísunum. Kirka segir jafnframt frá því hvernig þessi normalisering á kynferðislegu ofbeldi og áreitni hefur haft áhrif á hana allt frá því í barnæsku:

My uncles' eyes used to crawl over me as I poured their wine. Their hands found their way to my flesh. A pinch, a stroke, a hand slipping under the sleeve of my dress. (168)

Eins og Kirka lýsir hér þá var það ekki óalgengt að frændur hennar leyfðu sér það að káfa á henni þegar hún skenkti víni í glösin þeirra og gefur hún jafnframt í skyn að þeir hafi aldrei verið ávítaðir fyrir þessa hegðun.

Í fyrsta sinn sem Kirka sér dauðlega menn með eigin augum virðast þeir henni vorkunnarverðir, „weak as mushroom gills,“ eins og hún lýsir þeim (26). Finnst henni því erfitt að trúa upp á þá þeim sögum sem hún hafði margoft heyrt dísir hvísla sín á milli, sögum af því sem dauðlegir menn gera dísunum sem þeir finna einar á ferð. Vísar hún þar til sagna af nauðgunum, brottnámi og annarri misnotkun (26). Aftur á móti þegar Kirka hittir Glákus í fyrsta skipti, ein á strönd föður síns, er fyrsta hugsun hennar að hræðast hann vegna þessara sagna af ofbeldi dauðlegra manna gegn dísunum (31). Hún finnur þó til öryggis þar sem faðir hennar, sólin sjálf, vakir yfir heiminum og myndi koma henni til bjargar ef hann sæi að hún væri í hættu (31). En eftir að Kirka hefur verið send í útleð á eyðieyjuna Aiaiu, vaknar þessi ótti aftur innra með henni: „If anyone came, I would only be able to scream, and a thousand nymphs before me knew what good that did“ (70). Líkt

---

<sup>55</sup> Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, „Ábyrgar konur og sjúkir karlar: Birtingarmynd nauðgunarmenningar í íslensku samfélagi,“ *Ritið* 1 (2019): bls. 15-16, sótt 11. desember 2020, doi:10.33112/ritid.19.1.2.

og Kirka segir sjálf frá þá hefur hún enga leið til að vernda sig og þar sem það hefur ekki bjargað öðrum dísnum að kalla á hjálp þá veit hún að það mun ekki bjarga henni í sömu aðstæðum, sérstaklega þar sem hún hefur verið útskúfuð úr samfélagi guðanna í útlegð sinni.

Breska fræðikonan Marianne Hester, sem sérhæfir sig í rannsóknum á kynbundnu ofbeldi, sagði í bók sinni *Lewd Women and Wicked Witches: A Study of the Dynamics of Male Domination* (1992) um kynferðisofbeldi karla gegn konum:

The system of male domination over women is uniquely different from other systems of power because it relies on the eroticisation of inequality between men and women, and enforces control of women by the use, as well as threat, of male sexual violence against women. Feminists have documented how male sexual violence has the effect of controlling women's lives socially, and serves, furthermore, to construct men as more powerful than women.<sup>56</sup>

Hér útskýrir Hester hvernig yfirráð karla yfir konum byggir á og hvetur til kynferðislegs ofbeldis karla gegn konum. Þetta ofbeldi, og hótun á því, stjórnar lífi kvenna og byggir upp þá hugmynd að karlmenn séu valdameiri en konur. Þetta má sjá í *Circe* þegar skip með hópi af dauðlegum mönnum berst á eyjuna Aiaiu í fyrsta sinn. Í fyrstu er Kirka full eftirvæntingar við heimsóknina og býður mönnum að hvílast og matast á heimili sínu og tekur fram fínasta matarstellið og ber dýrindis mat og drykk á borð fyrir þá (161). Mennirnir spyrja hver húsbóndinn á heimilinu sé og vilja þar vita hverjum þeir megi þakka fyrir þessa gestrisni. Þegar Kirka segist vera húsráðandi þar sem hún býr ein finnur hún hvernig andrúmsloftið breytist snögglega (163). Um leið og foringi mannanna áttar sig á því að enginn karlmaður er á heimilinu, að Kirka hefur engan til að vernda sig, ræðst hann á hana og nauðgar henni (163). Umkringd karlmönnum er Kirka gjörsamlega valdalaus, í þeim aðstæðum skiptir engu máli að hún er máttug norn af guðaættum, dóttir sólarguðsins sjálfs. Í þeim aðstæðum er hún aðeins kona, kona sem er valdaminni en karlmenn, eins og hún segir sjálf: „None of it made a difference. I was alone and a woman, that was all that mattered“ (170).

Eftir árásina breytir Kirka árásarmanni sínum og áhöfn hans í svín en í *Ódysseifskviðu* er því einmitt lýst hvernig hún breytir mönnum Ódysseifs í svín eftir að þeir koma við á eyjunni hennar:

---

<sup>56</sup> Marianne Hester, *Lewd Women and Wicked Witches: A Study of the Dynamics of Male Domination* (London: Routledge, 1992), bls. 2.

Þá hún hafði leitt þá inn, lét hún þá setjast á legubekki og hástóla. — Hún hrærði ost, byggmjöl og bleikt hunang saman við pramniskt vín, og blandaði þenna hræring með töfrum, að þeir skyldu með öllu gleyma föðurlandi sínu. Og þá hún hafði gefið þeim hræringinn og þeir höfðu drukkið, þá drap hún á þá sprota sínum, og læsti þá inni í svínastíum; höfðu þeir þá höfuð og rödd, hár og vöxt, sem á svínum, en héldu þó óskertu viti sínu, jafnt sem áður hafði verið.<sup>57</sup>

Líkt og segir hér breytir Kirka mönnum Ódysseifs í svín af því er virðist að tilefnislausu. Menn Ódysseifs hafa ekkert gert af sér og er því lýst hvernig Kirka lokkar mennina inn á heimili sitt, gefur þeim mat og drykk og byrlar þeim að lokum töfradrykk af illskunni einni saman. Í skáldsögunni sinni hefur Miller hins vegar sett þessa atburðarrás í annað samhengi. Líkt og Walby segir í fyrrnefndri bók sinni, þá nauðga ekki allir karlmenn konum, en það að sumir karlmenn geri það nægir til þess að hræða allar konur.<sup>58</sup> Upplifun Kirku í bók Miller er sambærileg þessari lýsingu Walby en þar sem Kirka hefur áður verið beitt ofbeldi af þeim mönnum sem komu á eyjuna hennar getur hún ekki verið viss um að aðrir gerir það ekki og því breytir hún öllum þeim sem koma inn á heimili hennar í svín þar sem allir eru mögulegir árásarmenn. Ástæðan á bak við þessar gjörðir Kirku eru því afleiðingar kynferðisofbeldis og er hún með þeim að vernda sig gegn frekari árásum en eins og hún segir sjálf þá getur hún talið á fingrum sér þá fáu menn sem hún sleppti þar sem þeir sáu hana ekki sem kvöldverðinn sinn (169).

Kirka játar þó að hún breyti einnig mönnum í svín þar sem hún vilji hefna sín á karlmönnum. Hún segist hafa kunnáttuna og máttinn til þess að hylja eyjuna með göldrum svo að enginn myndi stíga fæti þar á land en hún velur að gera það ekki þar sem hún vill sýna karlmönnum hver hún er og hvað hún getur gert: „I have been found. Let them see what I am. Let them learn the world is not as they think“ (169). Kirka segir mennina sem komu til hennar aldrei hafa sýnt vott af ótta, þeir höfðu ekki ástæðu til þess þar sem hún var einsömul kona, en henni þótti skemmtilegt að sjá viðbrögð þeirra þegar hún varð ekki hrædd við þá þar sem hún bjó sig undir að breyta þeim í svín: „It was my favourite moment, seeing them frown and try to understand why I wasn't afraid“ (170). Með því að verða ekki hrædd tekur Kirka valdið af mönnunum og þegar þeir verða að svínum segir hún þá finna fyrir þeirri niðurlægingu og smánun sem hún fann fyrir þegar brotið var á henni (172). Jafnframt segir hún mennina oft biðjast fyrirgefningar þegar þeir átta sig á

---

<sup>57</sup> Hómer, „Frá Eólus, Lestrýgónum og Kirku,“ 233-241.

<sup>58</sup> Walby, *Theorizing patriarchy*, bls. 135.

því að hún muni refska þeim fyrir að gera tilraun til þess að ráðast á hana (171). En Kirka segir þá einungis þykja það leitt að þeir hafi náðst, að þeir sjái aðeins eftir því að hafa haft rangt fyrir sér þegar þeir töldu hana vera máttvana (171).

Í nauðgunarmenningu mynda karlar félagsleg tengsl sín á milli með því að áreita konur kynferðislega.<sup>59</sup> Áreitnin er því ekki eingöngu beiting á valdi og gerð til að niðurlægja konur heldur gegnir hún einnig því hlutverki að styrkja stöðu og tengsl karla innan karlahóps.<sup>60</sup> Þetta má greina í þeim tilfellum þar sem ráðist er á Kirku en það mætti segja að gerendur hennar eru ekki einungis að brjóta á Kirku til þess að sanna vald sitt yfir henni heldur eru þeir einnig að sanna vald sitt og stöðu innan karlahópsins. Annað dæmi um nauðgunarmenningu eru nauðgunarbrandarar, það er þegar gert er lítið úr eða gert er grín að nauðgunum og öðru kynferðisofbeldi.<sup>61</sup> Þessir brandarar ýta undir þá hugmynd að kynferðislegt ofbeldi sé fyndið og léttvægt og normalíserar þar með ofbeldið.<sup>62</sup>

Þegar Kirka kvartar við Hermes um að guðirnir séu að senda dísir á eyjuna hennar til að refska þeim segir hann henni að nýta tækifærið og bjóða þeim í rúmið sitt (159). Kirka segir að viðbrögð þeirra yrðu að hlaupa öskrandi í burtu og Hermes svarar glottandi að dísir geri það alltaf, en þær séu þó mjög lélegar í að komast í burtu (159). Viðbrögð Kirku við þessum „brandara“ Hermesar eru ekki að hlæja, heldur eintóm reiði: „At a feast on Olympus such a jest would have been followed by a roar of laughter. Hermes waited now, grinning like a goat. But all I felt was a white, cold rage“ (159). Líkt og Kirka segir myndi svona brandara venjulega vera fagnað með miklum hlátri en henni finnst kynferðislegt ofbeldi ekki vera aðhlátursefni og því skipar hún honum að láta sig hverfa og láta aldrei sjá sig á Aiaiu frammar (159). Með því að fordæma Hermes fyrir nauðgunarbrandarann, og jafnframt með því að breyta gerendum sínum í svín, berst Kirka gegn nauðgunarmenningunni og þeirri stöðluðu ímynd um að konur séu máttvana.

---

<sup>59</sup> Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, “Ábyrgar konur og sjúkir karlar,” bls. 16.

<sup>60</sup> Sama heimild, bls. 16-17.

<sup>61</sup> „Nauðgunarmenning“, Stígamót, sótt 14. desember 2020, <https://www.sjukast.is/content/naudgunarmenning>.

<sup>62</sup> Sama heimild.

## 6 Kirka og Ódysseifur

Ein elsta erkítýpa bókmenntasögunnar er *tálkvendið* (e. femme fatale, seductress) sem tælir karlmenn og leiðir þá til glötunar eða jafnvel dauða.<sup>63</sup> Þar sem tálkvendi einkennast af hættu fyrir karlmenn endurspeglar það þá hættu sem álitin er stafa af sjálfstæðum konum fyrir feðraveldið.<sup>64</sup> Sem einstæð kona sem fellur ekki inn í hlutverk hefðbundinnar húsmóður er tálkvendið ógn við feðraveldið þar sem hún hótar eyðileggingu á hinu almennt viðurkennda fjölskyldumynstri og hlutverkum húsmóðurinnar.<sup>65</sup> Í fyrri birtingarmyndum af Kirku, til að mynda í *Ódysseifskviðu*, má sjá hvernig hún er sett fram sem hættulegt tálkvendi. Þar afneitar hún hinu hefðbundna hlutverki húsmóðurinnar með því að búa ein á eyjunni Aiaiu og stefnir jafnframt fjölskyldulífi Ódysseifs í hættu þar sem hún lokkar hann til þess að dvelja hjá sér á Aiaiu í um ár og heldur honum þar með frá því að halda ferð sinni áfram til fjölskyldu sinnar á Íþöku.<sup>66</sup>

Kirka stefnir karlmönnum einnig í hættu þar sem hún breytir þeim karlmönnum sem hún lokkar til sín í svín eins og hún gerir við menn Ódysseifs. En þrátt fyrir að virðast hafa þessi miklu völd sem bæði galdranorn og tálkvendi þá er Kirka í raun ekki eins valdamikil og hún virðist. Í *Ódysseifskviðu* lýsir Ódysseifur því hvernig hann hefur betur gegn Kirku eftir að hún reynir að byrja honum eitri og breyta honum í svín líkt og mönnum hans:

eg brá mínu bitra sverði, er eg hafði við síðu mér, óð að Kirku, og lét sem eg mundi vega að henni. — Hún hljóðaði hástöfum, hljóp undir höggið, tók um kné mér, og talaði grátandi til mín skjótum orðum.<sup>67</sup>

Eins og hér segir hótar Ódysseifur Kirku með sverði sínu sem veldur því að hún fellur með ópum til jarðar, tekur um hné Ódysseifs og grátbiður hann um miskunn. Hér sést greinilega þessi valdamismunur kynjanna, þar sem karlinn sigrast auðveldlega á konunni þar sem hann er valdameiri. Í *Circe* atvikast þetta öðruvísi, þar komast Kirka og Ódysseifur að samkomulagi án þess að hann þurfi að draga upp sverð sitt og má þar því sjá virðingu og jafnræði á milli beggja aðila. Kirka segir þó sjálf að það komi henni ekki

---

<sup>63</sup> Helen Hanson og Catherine O'Rawe, inngangur að *The Femme Fatale: Images, Histories, Contexts* (London: Palgrave Macmillan, 2010), bls. 1.

<sup>64</sup> Jennifer Hedgecock, inngangur að *The Femme Fatale in Victorian Literature: The Danger and the Sexual Threat* (New York: Cambria Press, 2008), bls. 3.

<sup>65</sup> Sama heimild, bls. 3.

<sup>66</sup> Hómer, „Frá Eólus, Lestrýgónum og Kirku,“ 466-468.

<sup>67</sup> Sama heimild, 321-324.

á óvart hvernig saga þeirra var sögð eftir á og vísar þar til *Ódysseifskviðu* og annarra sagna sem hafa verið sagðar af þeim í gegnum aldirnar:

I was not surprised by the portrait of myself: the proud witch undone before the hero's sword, kneeling and begging for mercy. Humbling women seem to me a chief pastime of poets. As if there can be no story unless we crawl and weep. (181)

Líkt og Kirka segir hér, þá lítur það út fyrir að vera uppáhalds dægradvöl karlskálða að lítillækka konur og þar að auki virðist sem þeir trúu að það sé ekki hægt að segja sögur án þess að kvenpersónur sagnanna skríði og gráti. Bendir hún hér á hvernig karlmenn halda uppi þeirri orðræðu í skáldskap að konur séu minnimáttar til þess að viðhalda valdakerfi ferðaveldisins. Miller fjarlægir hins vegar þessa karllægu orðræðu í *Circe* þar sem hún dregur upp mynd af Kirku og Ódysseifi sem jafningjum og dregur þar með úr því valdaójafnvægi sem einkenndi samband þeirra í fyrri verkum.

Einnig má sjá hvernig Miller færir Kirku meiri völd með því að fjarlægja töfrasprotann hennar en í *Ódysseifskviðu*, og flestum verkum þar sem Kirka kemur fyrir, framkvæmir hún töfra sína með aðstoð töfrasprota.<sup>68</sup> Eins og segir í *Ódysseifskviðu* þegar Kirka breytir mönnum Ódysseifs í svín: „þá drap hún á þá sprota sínum.“<sup>69</sup> Sprotinn er þar valdatákn en þar sem Kirka í bók Miller ber engan töfrasprota þá er það hún sem hefur galdramáttinn innra með sér og er þá sjálf valdatákn.<sup>70</sup> Dr. Devi og Khuraijam segja í grein sinni *From Subjugation to Empowerment: Recasting Homer's Minor Character in Madeline Miller's Circe* (2020) að ástæðan á bak við það hvers vegna kvenhöfundar endursegja sígild verk sé sú að færa fyrrum þögguðum kvenpersónum rödd.<sup>71</sup> Segja þær þetta jafnframt gefa kvenhöfundum tækifæri til þess að draga í efa þá ríkjandi hugmyndafræði sem jaðarsetur konur í bókmenntum og sögu, líkt og Miller gerir í *Circe* með því að koma fram með nýtt, kvenlægt sjónarhorn sem valdeflir Kirku.<sup>72</sup>

---

<sup>68</sup> Judith Yarnall, "Homer's Story," í *Transformations of Circe: The History of an Enchantress* (Chicago: University of Illinois Press, 1994), bls. 12.

<sup>69</sup> Hómer, „Frá Eólus, Lestrygónum og Kirku,“ 238.

<sup>70</sup> Yarnall, "Homer's Story," bls. 12.

<sup>71</sup> Dr. N. Banita Devi og Nganthoi Khuraijam, „From Subjugation to Empowerment: Recasting Homer's Minor Character in Madeline Miller's Circe,“ *Dogo Rangsang Research Journal* 10, nr. 7 (2020): bls. 275, sótt 13. nóvember 2020, [http://drsjournal.com/no\\_17\\_july\\_20/32.pdf?i=1](http://drsjournal.com/no_17_july_20/32.pdf?i=1).

<sup>72</sup> Sama heimild, bls. 275.



## Niðurlag

Líkt og rætt hefur verið hér að framan byggir rithöfundurinn og fræðikonan Madeline Miller skáldsögu sína, *Circe*, á fyrri verkum um forngrísku gyðjuna Kirku á borð við *Ummyndunum* eftir Óvíð, *Ódysseif* eftir James Joyce og *Ódysseifskviðu* Hómers sem eru, líkt og flest önnur verk um Kirku, öll skrifuð af karlmönnum. Útgáfa Miller einkennist hins vegar af kvenlægu sjónarhorni en þar beinir hún meðal annars sjónum sínum að feðraveldinu og kúgun kvenna. Innan samfélags guðanna, jafnt sem dauðlegra manna, má greinilega sjá hvernig konur, og þá sérstaklega dísir, eru undirokaður og valdalaus hópur. Þar sem synir eru erfingjar feðra sinna eru dætur álitnar lítið annað en brúðir og eru því metnar út frá því hversu gott brúðarefni þær eru. Konur eru því ekki metnar mikils sem einstaklingar og gegna einungis því hlutverki að sinna almennu heimilishaldi og sjá um börnin. Kirka er því, líkt og aðrar dísir, valdalaus og þögguguð en líkt og Dr Jordan segir er þöggun eitt af helstu einkennum kúgunar.<sup>73</sup> Má bæði sjá þessa kúgun með almennri þöggun, þar sem gyðjur og dísir fá ekki að sitja fundi og taka ákvarðanir, og með bókstaflegri þöggun, líkt og þegar Kirku er beinlínis sagt að þegja þar sem hún hafi svo ljóta rödd (7).

Kirka verður einnig fyrir kynbundnu misrétti eftir að það uppgötvast að hún býr yfir töframætti. Í fyrstu eru orð hennar ekki tekin gild og er henni ekki trúað fyrr en bróðir hennar, Eetes, staðfestir fullyrðingu hennar um það að hún sé norn (57). Einnig er henni refsað fyrir að mótmæla guðunum og halda því fram að þeir hafi rangt fyrir sér en bróður hennar er ekki hegnt fyrir að gera slíkt hið sama (54). Auk þess verður Kirka fyrir fordómum eftir að fréttir berast af því að hún búi yfir galdramætti og er hún að lokum send í útleigð fyrir það að vera norn. Eetes verður hins vegar hvorki fyrir fordómum né er honum refsað fyrir það að vera galdramaður. Bera má þetta óréttlæti sem Kirka verður fyrir saman við þær nornaveiðar sem áttu sér stað á fyrri öldum þar sem konur voru í mun meira mæli en karlmenn ásakaðar um og hegnt fyrir fjölkynngi.<sup>74</sup> Þar sem máttugar og þekkingarmiklar konur voru álitnar ógn við feðraveldið voru þær stimplaðar nornir og þeim refsað til þess að viðhalda völdum í höndum karlmanna.<sup>75</sup>

---

<sup>73</sup> Dr. Jordan, „Silencing rape, silencing women,“ bls. 254.

<sup>74</sup> Bever, „Witchcraft, Female Aggression, and Power in the Early Modern Community,“ bls. 956

<sup>75</sup> Gage, „Witchcraft,“ bls. 291.

Miller tekur einnig fyrir nauðgunarmenningu í *Circe*, en skáldsagan hefur ítrekað verið tengd við #MeToo-byltinguna. Eins og sjá má í sögunni viðgengst nauðgunarmenning innan feðraveldis guðanna. Kirka lýsir því hvernig dísir eru álitnar „veislumáltíð“ sem allir mega snæða (171). Í fyrsta sinn sem hún hittir dauðlegan mann ein á ferð er fyrsta hugsunin hennar að hræðast hann þar sem dísir eigi til fjöldamargar sögur af því kynferðislega ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir af höndum manna (26). Eftir að Kirka er send í útleð á eyjuna Aiaiu upplifir hún atburði þessara sagna af eigin hendi í fyrsta sinn þegar hópur af karlmönnum kemur á eyjuna og beitir hana kynferðisofbeldi. Líkt og Kirka greinir sjálf frá þá skipti það engu máli að hún sé máttug norn af guðaættum, heldur er hún einungis valdalaus kona í þeim aðstæðum (170). Hún grípur þess vegna til þeirra ráða að breyta þeim karlmönnum sem koma á eyjuna hennar í svín til þess að vernda sig gegn frekara ofbeldi.

Miller kemur þar með nýtt sjónarhorn á gjörðir Kirku en í fyrri verkum er engin ástæða gefin fyrir því hvers vegna hún breytir karlmönnum í svín. Ímynd Kirku í þeim verkum er því sú að hún er illkvittið tálkvendi og norn sem stundar þennan verknað sér til gamans en Miller setur hana fram sem margþætta persónu sem hefur gilda ástæðu fyrir gjörðum sínum. Jafnframt gerir hún Kirku að aðalpersónu bókarinnar en í fyrri verkum líkt og *Ódysseifskviðu* þar sem hún tælir Ódysseif og tefur ferð hans heim á leið gegnir Kirka einungis því hlutverki að vera flækja á söguþræði karlhetjunnar.

Þar sem Miller neitar að draga upp mynd af Kirku sem tálkvendi, sýnir fram á jafnræði í sambandi hennar við Ódysseif og valdeflir Kirku meðal annars með því að gefa henni rödd, afneitar Miller þessari fyrri orðræðu um Kirku og stendur þar með upp gegn feðraveldinu líkt og var markmið hennar með skáldsögunni. Með því að endurskrifa sögu Kirku færir Miller henni rödd til þess að segja sína eigin sögu og sýnir þar með fleiri hliðar á Kirku en þá einu sem áður þekktist. Í skáldsögu Miller er Kirka ekki einhliða illkvendi heldur margslungin kvenpersóna sem á í baráttu við feðraveldið, fyrst innan samfélags guðanna og síðar í heimi dauðlegra manna.

## Heimildaskrá

- „Alex Awards.“ *American Library Association*. Sótt 13. nóvember 2020. <http://www.ala.org/yalsa/alex-awards>.
- Bever, Edward. „Witchcraft, Female Aggression, and Power in the Early Modern Community.“ *Journal of Social History* 35, nr. 4 (2002): bls. 955-988. Sótt 3. desember 2020. <http://www.jstor.org/stable/3790618>.
- Das Gupta, Monica, Jiang Zhenghua, Li Bohua, Xie Zhenming, Woojin Chung og Bae Hwa-Ok. „Why is Son Preference so Persistent in East and South Asia?: A Cross-Country Study of China, India, and the Republic of Korea.“ *The Journal of Development Studies* 40, nr. 2 (2003): bls. 153-187. Sótt 1. desember 2020. <https://doi.org/10.1080/00220380412331293807>.
- Dr. Devi, N. Banita og Nganthou Khurajam. „From Subjugation to Empowerment: Recasting Homer’s Minor Character in Madeline Miller’s Circe.“ *Dogo Rangsang Research Journal* 10, nr. 7 (2020): bls. 274-279. Sótt 13. nóvember 2020. [http://drsjournal.com/no\\_17\\_july\\_20/32.pdf?i=1](http://drsjournal.com/no_17_july_20/32.pdf?i=1).
- „Feðraveldi.“ *Íslenska alfræðiorðabókin*. Sótt á Snöru 13. nóvember 2020. <https://snara.is/>.
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. „Ábyrgar konur og sjúkir karlar: Birtingarmynd nauðgunarmenningar í íslensku samfélagi.“ *Ritið* 1 (2019): bls. 15-40. Sótt 11. desember 2020. doi:10.33112/ritid.19.1.2.
- Gage, Matilda Joslyn. „Witchcraft.“ Í *Woman, Church and State*, bls. 217-294. New York: The Truth Seeker Company, 1893.
- „Get To Know Us.“ *Me too*. Sótt 19. nóvember 2020. <https://metoomvmt.org/get-to-know-us/history-inception/>.
- Hanson, Helen og Catherine O’Rawe. Inngangur að *The Femme Fatale: Images, Histories, Contexts*, bls. 1-8. London: Palgrave Macmillan, 2010.
- Hedgecock, Jennifer. Inngangur að *The Femme Fatale in Victorian Literature: The Danger and the Sexual Threat*, bls. 1-20. New York: Cambria Press, 2008.
- Heriyanto, Devina. „Turning the Camera to Female in Classics.“ Viðtal tekið af Madeline Miller. *The Jakarta Post* (25. apríl 2018). Sótt 13. nóvember 2020. <https://www.thejakartapost.com/life/2018/04/25/interview-madeline-miller-turning-the-camera-to-female-in-classics.html>.
- Hester, Marianne. *Lewd Women and Wicked Witches: A Study of the Dynamics of Male Domination*. London: Routledge, 1992.
- Houston, Marsha og Cheris Kramarae. „Speaking from Silence: Methods of Silencing and of Resistance.“ *Discourse & Society* 2, nr. 4 (1991): bls. 387-399. Sótt 13. nóvember 2020. <http://www.jstor.org/stable/42888744>.
- Hómer. „Frá Eólus, Lestrýgónum og Kirku.“ Tíundi þáttur í *Ódysseifskviðu*, þýtt af Sveinbirni Egilssyni. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1948.
- Hutton, Ronald. Formáli að *The Witch: A History of Fear, from Ancient Times to the Present* eftir Ronald Hutton, bls.xii ix-. New Haven: Yale University Press, 2017.

- Jaworski, Adam. *The Power of Silence: Social and Pragmatic Perspectives*. Bandaríkin: Sage Publications, 1993.
- Jordan, Jan. „Part Three: Introduction.“ Í *Handbook on Sexual Violence*, ritstýrt af Jennifer M. Brown og Sandra L. Walklate, bls. 244-253. New York: Routledge, 2012.
- Jordan, Jan. „Silencing rape, silencing women.“ Í *Handbook on Sexual Violence*, ritstýrt af Jennifer M. Brown og Sandra L. Walklate, bls. 253-286. New York: Routledge, 2012.
- Joyce, James. „Kirka.“ Í *Ódysseifur: Síðara bindi*, bls. 47-206, þýtt af Sigurði A. Magnússyni. Reykjavík: Mál og menning, 1993.
- Lerner, Gerda. *The Creation of Patriarchy*. Oxford: Oxford University Press, 1986.
- Miller, Madeline. *Circe*. London: Bloomsbury, 2019.
- Murphy, Siobhan. “Circe by Madeline Miller — back as superwoman.” Ritdómur um Circe, eftir Madeline Miller. *The Times*, 21. apríl 2018. Sótt 13. nóvember 2020. <https://www.thetimes.co.uk/article/review-circe-by-madeline-miller-back-as-superwoman-37kctxgss>.
- „Nauðgunarmenning.“ Stígamót. Sótt 14. desember 2020. <https://www.sjukast.is/content/naudgunarmenning>.
- Nicolaou, Elena. „How This Author Is Rewriting *The Odyssey* To Place A Woman Front & Center.“ Viðtal tekið af Madeline Miller. *Refinery29* (10. apríl 2018). Sótt 13. nóvember 2020. <https://www.refinery29.com/en-us/2018/04/195530/madeline-miller-circe-author-interview-women-mythology>.
- Óvíð. „Fjórtaða bók.“ Í *Ummyndanir*, bls. 381-407, þýtt af Kristjáni Árnasyni. Reykjavík: Mál og menning, 2009.
- Sultana, Abeda. “Patriarchy and Women’s Subordination: A Theoretical Analysis.” *Arts Faculty Journal*, nr. 4 (2012): 1-18. Sótt 13. nóvember 2020. <https://www.banglajol.info/index.php/AFJ/article/view/12929>.
- „Telegonus.“ *Encyclopaedia Britannica Online*. Sótt 13. nóvember 2020. <https://www.britannica.com/topic/Telegonus>.
- „The Author.“ *Madeline Miller*. Sótt 13. nóvember 2020. <http://madelinemiller.com/the-author>.
- „The Witch Hunts.“ *Encyclopaedia Britannica Online*. Sótt 7. desember 2020. <https://www.britannica.com/topic/witchcraft/The-witch-hunts>.
- „Um okkur.“ *Druslugangan*. Sótt 19. nóvember 2020. <https://www.druslugangan.is/um-okkur>.
- Walby, Sylvia. *Theorizing patriarchy*. Oxford: Basil Blackwell, 1990.
- Yarnall, Judith. „Homer’s Story.“ Í *Transformations of Circe: The History of an Enchantress*. Chicago: University of Illinois Press, 1994.